

**Nd.**

**128. Frumvarp til laga**

[125. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Sverrir Hermannsson,  
Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Við E-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 4. töluliður og orðist svo:  
Orkukostnaður vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota að frádregnum olústyrk skv. lögum  
nr. 13/1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1982  
vegna tekna ársins 1981.

**Greinargerð.**

Séu menn beðnir að nefna einhvern einn málaflökk, sem menn telji að valdi mestu um  
misjafnan hag fólks eftir búsetu, munu flestir líklega tiltaka olúkostnað, einkum kostnað við  
upphitun húsnæðis. Misréttið í húshitunarmálum er orðið geigvænlegt og stuðlar nú öðru  
fremur að búseturöskun í landinu. Svo mikill er kostnaðurinn milli þeirra annars vegar, sem  
hita hús sín með olíu, og hinna, sem njóta hitaveitu frá jarðvarma þar sem slík húshitun er  
hagkvæmust, að hann getur ráðið úrslitun um afkomu fólks og haft úrslitaáhrif á hvar það  
velur sér búsetu. Í könnun Fjórðungssambands Vestfirðinga um útgjöld vegna olúkaupa til  
húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvareandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur, sem  
birt var 6. nóvember s. l., kom fram, að fjölskylda á Ísafirði þarf að leggja fram andvirði  
15,29 vinnuvikna til þess að greiða ársnotkun á olíu til húshitunar, og hefur þá verið tekið  
tillit til olústyrks, en sama fjölskylda í Reykjavík ver andvirði 2,11 vinnuvikna til kaupa á  
hliðstæðu orkumagni af heitu vatni til húshitunar. Mismunurinn er hvorki meiri né minni en  
sem nemur andvirði 13,73 vinnuvikna og kostnaðurinn við olúkaupin þannig í raun nífalt  
meiri á Ísafirði en í Reykjavík í vinnustundum mælt.

Þessi könnun varpar ljósi á þá gífurlegu mismunun lífskjara, sem hér er um að ræða. Er  
Ísafjarðarsvæðið síður en svo eina landssvæðið, þar sem svo háttar til sem í könnuninni  
kemur fram, né Vestfirðir eini landshlutinn, heldur er hér um að ræða niðurstöður, sem hafa  
almennt gildi til samanburðar á lífskjaramun í olúmálum milli landsbyggðarinnar annars  
vegar og höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Þar sem kynt er með öðrum orkugjöfum en  
beinni olúhitun — t. d. með fjarvarmaveitum eða nýlegum jarðvarmaveitum — er munurinn  
minni en nær alls staðar mikill.

Gefur auga leið hve illvænleg áhrif þetta mikla misrétti í orkukostnaði hefur á lífs-  
afkomu fólks og margt láglaunafólk og lífeyrisþegar hefur í rauninni vart fjárhagslega getu til  
þess að axla þá byrði. Eru mörg dæmi um láglaunafólk og lífeyrisþega, sem orðið hafa að  
neita sér um ýmsar grundvallarþarfir til þess eins að geta risið undir orkukostnaði við  
heimilishald, og sumt fólk hefur bókstaflega hrakist frá heimilum sínum og brott úr  
heimahéraði sínu sakir þessarar mismununar.

Þá kemur einnig ljóslega fram í könnun Fjórðungssambands Vestfirðinga, hversu litlu  
svonefndur olústyrkur áorkar til jöfnunar á húshitunarkostnaði, enda hefur hann farið  
minnkandi að raungildi á undanförunum árum. Orkujöfnunargjaldið, sem lagt er á sölu-  
skattsstofn í þeim sérstaka tilgangi að jafna orkuverð, er áætlað í fjárlagafrv. að nemi 190  
milljónum kr. Af þeirri fjárhæð er aðeins ráðgert að verja 30 milljónum króna til greiðslu  
olíustyrks. Afgangurinn af hinni sérstöku fjáröflun á að renna beint í rikissjóð til almennra  
þarfa. Þannig er orkujöfnunargjaldið í raun orðið að almennum tekjustofni fyrir rikissjóð og  
er það dæmigert um þá fjármálastjórn þar sem tekjustofn, sem ætlaður er til sérgreindra

þarfa, er tekinn í ríkissjóð, en vandamálið, sem honum var ætlað að leysa, skilið eftir óleyst. Ljóst er því orðið, að leið sérstaks orkujöfnunargjalds til greiðslu olíustyrks er lent í blindgötu og leita verður nýrra leiða. Í frv. þessu er gerð tillaga um einn þátt í slíkri nýrri lausn. Sá þáttur einn út af fyrir sig leysir ekki málið. Lausnin í frv. nær ekki til atvinnufyrirtækja, heldur aðeins til hluta einstaklinga, t. d. ekki til þeirra, svo sem lífeyrisþega, sem ekki greiða skatt. Þeim þarf að sinna sérstaklega með breytingu á greiðslum úr almannatryggingakerfinu.

Tillagan, sem gerð er í frv., er í raun mjög einföld. Verði frv. samþykkt væri einstaklingum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, noti menn ekki 10% frádráttarregluna, allan orkukostnað vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota að olíustyrk fráþöldum. Öllum skattborgurum er veitt þessi heimild jafnt án tillits til þess, á hvaða orkuveitusvæðum þeir búa, en auðvitað kemur heimildin þeim mest að gagni sem við hæst orkuverð búa.

Þá er einnig rétt að geta þess, að sú afgreiðsla, sem í frv. felst, á sér hliðstæðu frá síðasta þingi, en þá var samþykkt að bæta nýjum tölulið, 3. tölulið, við E-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981. Með þeirri afgreiðslu var heimilað að draga frá skattskyldum tekjum hálfra greidda leigu af íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Nánar verður gerð grein fyrir frv. í framsögu.

## Fylgiskjal.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA  
Hafnarstræti 6,  
400 — ÍSAFJÖRÐUR.

### Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvareandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.

	pr. ltr. pr. m <sup>3</sup> á	Heildar- kostnaður krónur	Olíu- not- endur	pr. notandi á ári krónur	pr. fjölsk. 4,12 meðl. í fiskv. kr. á ári	Tímakaup í fiskv. krónur	Vinnust. að vinna fyrir ársnotkun	Vinnuvikur að vinna f. ársnotk.
<b>Verðlag 1/7 1973:</b>								
6 034 136 ltr. gasolía	5/30	31 980 920	3051	10 482	43 186	135/70	318,3	8,0
mínus olíustyrkur (enginn)	0	0						
	5/30	31 980 920	3051	10 482	43 186	135/70	318,3	8,0
Jafngildi í heitu vatni: 781 975 m <sup>3</sup>	18/25	14 278 863	3051	4 680	19 282	135/70	142,1	3,5
Mismunur		17 702 057	3051	5 802	23 904	135/70	176,2	4,5
<b>Verðlag 1/3 1979:</b>								
4 332 975 ltr. gasolía	68/90	367 441 978	3054	120 315	495 698	981,00	505,3	12,6
mínus olíustyrkur	5/96	31 761 600	3054	10 400	42 858	981,00	43,7	1,1
Nettóútgjöld notenda	62/94	335 680 378	3054	109 915	452 840	981,00	461,6	11,5
Jafngildi í heitu vatni: 781 975 m <sup>3</sup>	103/50	71 529 885	3054	23 422	96 499	981 00	98,4	2,5
mismunur		264 150 493	3054	86 493	356 341	981,00	363,2	9,0
<b>Verðlag 21/12 1979:</b>								
5 392 512 ltr. gasolía	155/25	837 187 488	3088	271 110	1 116 973	1391,00	803,0	20,1
mínus olíustyrkur	41/23	222 336 000	3088	72 000	296 640	1391,00	213,3	5,3
Nettóútgjöld notenda	114/02	614 851 488	3088	199 110	820 033	1391,00	589,7	14,8
Jafngildi í heitu vatni: 698 826 m <sup>3</sup>	119/00	83 160 294	3088	26 930	110 952	1391,00	79,8	2,0
Mismunur		531 691 194	3088	172 180	709 381	1391,00	509,9	12,8

	pr. ltr. pr. m <sup>3</sup> á	Heildar- kostnaður krónur	Olfu- not- endur	pr. notandi á ári krónur	pr. fjölk. 4,12 meðl. kr. á ári	Tímakaup í fiskv. krónur	Vinnust. að vinna fyrir ársnotkun	Vinnuvikur að vinna f. ársnotk.
<b>Verðlag 6/3 1981:</b>								
5 392 512 ltr. gasolía .....	235/00	1 267 240 320	3088	410 376	1 690 749	2259,00	748,5	18,71
mínus olfustyrkur .....	45/81	247 040 000	3088	80 000	329 600	2259,00	145,9	3,65
Nettóútgjöld notenda	189/19	1 020 200 320	3088	330 376	1 361 149	2259,00	602,6	15,06
<b>Jafngildi í heitu vatni:</b>								
698 826 m <sup>3</sup> .....	223/00	155 838 198	3088	50 466	207 919	2259,00	92,0	2,30
Mismunur		864 362 122	3088	279 910	1 153 230	2259,00	510,6	12,76
<b>Verðlag 18/3 1981:</b>								
5 392 512 ltr. gasolía .....	260/00	1 402 053 120	3088	454 033	1 870 612	2259,00	828,0	20,70
mínus olfustyrkur .....	45/81	247 040 000	3088	80 000	329 600	2259,00	145,9	3,65
	214/19	1 155 013 120	3088	374 033	1 541 012	2259,00	682,1	17,05
<b>Jafngildi í heitu vatni:</b>								
698 826 mtr. <sup>3</sup> .....	223/00	155 838 198	3088	50 466	207 919	2259,00	92,0	2,30
Mismunur		999 174 922	3088	323 567	1 333 093	2259,00	590,1	14,75
7/10 1981. J.T.B.								
<b>Verðlag 1/11 1981:</b>								
5 392 512 ltr. gasolía .....	280/00	1 509 903 360	3088	488 958	2 014 507	2659,00	757,6	18,94
mínus olfustyrkur .....	45/82	247 040 000	3088	80 000	329 600	2659,00	145,9	3,65
	234/19	1 262 863 360	3088	408 959	1 684 907	2659,00	611,7	15,29
<b>Jafngildi í heitu vatni:</b>								
698 826 mtr. <sup>3</sup> .....	241/00	168 417 066	3088	54 539	224 701	2659,00	84,5	2,11
Mismunur		1 094 446 294	3088	354 420	1 460 206	2659,00	549,2	13,73
6/11 1981. J.T.B.								